

Opnunartími kjörstaða

Íbúar geta kosið á kjörstöðum í sínu sveitarfélagi sem, hér segir:

Borgarbyggð:

Skrifstofa Borgarbyggðar – allar kjördeildir

5. september 10:00-14:00

8.-12. september kl. 12:00-14:00

15.-19. september kl. 12:00-14:00

Félagsheimilið Lindartunga - Lindartungukjördeild

18. september kl. 18:00-20:00

Grunnskólinn á Kleppjárnsreykjum -

Kleppjárnsreykjakjördeild

18. september kl. 16:00-20:00

Félagsheimilið Þinghamar, Varmalandi -

Þinghamarskjördeild

18. september kl. 16:00-20:00

Hjálmaklettur, Borgarnesi - allar kjördeildir

20. september kl. 10:00-18:00

Skorradalshreppur:


Laugarbúð

5. september 10:00-14:00

8., 10., 15. og 18. september kl. 16:00 til 18:00.

20. september kl. 10:00-18:00.

Kjósendur geta kannað stöðu sína á kjörskrá með uppfléttingu á vef Þjóðskrár Íslands <https://www.skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/> frá og með 16. ágúst 2025.



Álit samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps hefur undanfarin misseri kannað kosti þess og ókosti að sveitarfélögin sameinist í eitt. Álit nefndarinnar er að sameining muni hafa fleiri kosti í för með sér en ókosti fyrir íbúa og að henni fylgi tækifæri sem annars stæðu sveitarfélögunum ekki til boða.

Skilvirkari og markvissari stjórnsýsla

Sveitarfélögin tvö hafa átt í farsælu samstarfi til áratuga og Borgarbyggð sinnir stórum hluta þjónustuskýldna Skorradalshrepps við íbúa á grundvelli þjónustusamnings. Sameining gæti skapað tækifæri til skilvirkari og markvissari stjórnsýslu og þjónustu, auk þess sem aðgengi íbúa að þjónustu yrði jafnara.

Sterkur fjárhagur

Vísbendingar eru um að fjárhagur sameinaðs sveitarfélags verði sterkur og fjárfestingargeta þess betri en hjá sveitarfélögunum hvoru um sig.

Sérstök sameiningarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næstu árum myndu auka svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi en nokkur óvissa er um áhrif sameiningar á tekju- og útgjaldajöfnunarframlög vegna fyrirhugaðra breytinga á úthlutunarreglum. Ef sameining leiðir til lækkunar munu sveitarfélögin þó halda óskertum framlögum í fjögur ár.

Aukinn slagkraftur

Reynslan sýnir að stærri sveitarfélög mega sín meira í hagsmunagæslu gagnvart ríki og öðrum hagsmunaaðilum. Sameinað sveitarfélag stæði því betur í baráttunni fyrir bættum samgöngum, aukinni heilbrigðisþjónustu og atvinnuuppbyggingu.

Tækifæri til atvinnuþróunar og nýsköpunar

Aukinn slagkraftur og sterkur fjárhagur skapar betri forsendur fyrir atvinnuþróun og nýsköpun á svæðinu.



Kosningar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

5.-20. september 2025



www.borgfirdingar.is

Hvernig gæti sameinað sveitarfélag litið út?

Sveitarstjórnir Borgarbyggðar og Skorradalshrepps hafa samþykkt að efna til kosninga um sameiningu meðal íbúa dagana 5.–20. september 2025. Íbúar sem eiga lögheimili í sveitarfélögunum á hádegi 22 dögum áður en kosningarnar hefjast og náð hafa 16 ára aldri á lokadegi þeirra geta tekið þátt. Kosningarnar eru bindandi og einfaldur meirihluti atkvæða í hvoru sveitarfélagi fyrir sig ræður því hvort af sameiningu verður eða ekki. Ef íbúar samþykkja sameiningu verður kosið til sveitarstjórnar í sameinuðu sveitarfélagi í maí 2026 og sameinað sveitarfélag tekur til starfa í júní 2026.



Þjónusta

Þar sem Borgarbyggð sinnir þegar stórum hluta þjónustu við íbúa Skorradalshrepps á grundvelli þjónustusamnings er ólíklegt að breytingar á henni yrðu miklar. Önnur þjónusta sem Skorradalshreppur veitir er í höndum verktaka, s.s. skipulags- og byggingarmál, snjómokstur, sorphirða og tæming rotþróa. Skipulags- og byggingardeild Borgarbyggðar myndi líklega taka við skipulags- og byggingarmálum en snjómokstur, tæming rotþróa og sorphirða yrðu áfram boðin út. Á þessum sviðum þyrfti að samræma þjónustustig og gjaldtöku.

Skattar og gjöld

Samræma þarf útsvar, fasteignaskatta og gjaldskrár fyrir sambærilega þjónustu ef til sameiningar kemur. Útsvar er lægra í Skorradalshreppi en í Borgarbyggð en fasteignaskattar hærri. Í Borgarbyggð er eldri borgurum veittur afsláttur af fasteignaskatti en ekki í Skorradalshreppi. Jöfnun á innheimtu útsvars og fasteignaskatts og -gjalda gætu verið sumum hagstæðar og öðrum óhagstæðar.

Skipurit

Líklegt má telja að skipurit sameinaðs sveitarfélags verði líkt gildandi skipuriti Borgarbyggðar. Ný sveitarstjórn getur endurskoðað skipuritið ef tilefni þykir til. Í sumum tilfellum hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir í kjölfarið á sameiningu til að mæta álagi í kjölfar sameiningar eða tryggja áhrif íbúa á kvarðanir í nærumhverfi þeirra, s.s. með ráðningu starfsmanna til að innleiða breytingar, fjölgun fulltrúa í sveitastjórn eða skipun sérstakra svæðisnefnda. Sveitarstjórnarfulltrúum fækkar og líklega einnig fulltrúum í sameiginlegum stjórnnum og ráðum.

Lýðræði

Íbúar í Skorradalshreppi gætu upplifa meiri fjarlægð frá kjörnum fulltrúum og minni áhrif, en hafa ber í huga að þeim gefst kostur á að taka þátt í stjórnmalastarfi og kosningum í því sveitarfélagi sem veitir stærstan hluta þeirrar þjónustu sem þeir njóta. Áhrifin verða því bein í stað óbeinna áhrifa áður.

Fjárhagur

Fjárhagur sameinaðs sveitarfélags væri sterkur. Sérstök sameiningarframlög sem greidd eru til sameinaðra sveitarfélaga myndu lækka greiðslubyrði lána og auka fjárfestingargetu miðað við það sem nú er. Önnur framlög munu að líkindum lækka lítillaga að fjórum árum liðnum frá sameiningu.

Nafn og kennitala

Í ljósi þess að Borgarbyggð er mun stærra sveitarfélag en Skorradalshreppur er einfaldast að sameina sveitarfélögin undir kennitölu hennar. Sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags ákveður hvert nafn þess skuli vera að höfðu samráði við örnefnanefnd.

Íbúafundur á vegum samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps verður haldinn í Hjálmakletti í Borgarnesi, miðvikudaginn 27. ágúst kl. 20:00